



Metafgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum á 4. ársfjórðungi þrátt fyrir áföll í útflutningi

Afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum nam 43,9 mö.kr. á fjórða fjórðungi ársins. Þetta er metafgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum á fjórða ársfjórðungi hvort sem hann er mældur á föstu gengi krónunnar eða gengi hvers tíma. Á sama tíma árið áður var 1,3 ma.kr. halli á viðskiptum við útlönd og því nemur viðsnúningurinn um 45,2 mö.kr. milli ára. Skýringin liggur bæði í meiri afgangi af þjónustuviðskiptum og minni halla af vöruviðskiptum. Fyrir árið í heild nam afgangur af viðskiptum með vörur og þjónustu við útlönd ríflega 140 mö.kr. í fyrra samanborið við 84 ma.kr. árið áður.

Afgangur af þjónustuviðskiptum en halli af vöruviðskiptum

Afgangurinn á fjórðungnum skýrist einungis af afgangi á þjónustuviðskiptum en halli var á vöruviðskiptum á tímabilinu. Afgangur af þjónustuviðskiptum nam 55,7 mö.kr. en halli á vöruviðskiptum nam 11,8 mö.kr.



Útflutningur á þjónustu nam 170,5 mö.kr. á fjórðungnum og jókst um 10 ma.kr. milli ára, eða um 6,2%. Innflutningur þjónustu nam hins vegar 114,8 mö.kr. og dróst saman um 9,4 ma.kr., eða 7,5%. Aukinn þjónustuafgangur milli ára skýrist því bæði af auknum útflutningi en einnig samdrætti í innflutningi.

Mikill samdráttur í vöruinnflutningi skýrir minni vöruskiptahalla

Vöruútflutningur nam 162,5 mö.kr. á fjórða fjórðungi og dróst saman um 8,8 ma.kr., eða 5,1%. Vöruinnflutningur nam hins vegar 174,3 mö.kr. og dróst saman um 34,6 ma.kr. milli ára, eða 16,6%. Halli á vöruskiptum dróst því saman úr 37,6 mö.kr. í 11,8 ma.kr.

Meiri þjónustuútflutningur þrátt fyrir samdrátt í ferðaþjónustu

Útflutningur þjónustu jókst um 10 ma.kr. á fjórða ársfjórðungi borið saman við sama tímabil árið áður. Þá aukningu má fyrst og fremst rekja til mikillar






aukningar á tekjum af innlendum hugverkaréttindum erlendis frá. Þær námu 28,6 mö.kr. á fjórða fjórðungi síðasta árs borið saman við 10,4 ma.kr. á sama tímabili árið áður. Aukningin milli ára nemur því 18,2 ma.kr. eða 176%. Þessi liður hefur verið ansi sveiflukenndur á síðustu árum og skýrir stóran hluta af þeim sveiflum sem orðið hafa í þjónustuútflutningi milli ára. Hagstofan sundurgreininir þennan lið ekki frekar og má rekja það til trúnaðar gagnvart þeim útflutningsaðilum sem í hlut eiga. Umtalsverðan hluta af þessum lið á síðustu árum má líklegast rekja til tekna af innlendum lyfja- og rannsóknarleyfum.

Útflutningur á annarri viðskiptaþjónustu jókst um 4,5 ma.kr., eða um þriðjung milli ára. Útflutningur á ferðalögum dróst saman um 6,4 ma.kr. eða 9,4%. Farþegaflutningar með flugi drógust hins vegar töluvert meira saman, eða um 8 ma.kr., sem er 23% samdráttur. Mikinn samdrátt í farþegaflutningum með flugi má rekja til brotthvarfs WOW air sem fór í þrot í lok mars á síðasta ári.

Breyting í útflutningsverðmæti þjónustuútflutnings á F4



Breyting milli ára. Sýnir þá liði þar sem útflutningsverðmætið annars vegar jókst mest og hins vegar þar sem það dróst mest saman.
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

